

Reykjavík, 19. júlí 2019

## **Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um Jafnvægisás ferðamála**

Hinn 19. júní sl. birti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið *Jafnvægisás ferðamála – fyrstu niðurstöður* á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið þau skjöl sem þar með voru birt og eru með eftirfarandi ábendingar.

Samtökin fagna því að Jafnvægisásinn skuli loks útgefinn til almennrar kynningar. Um er að ræða verkefni sem var unnið á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála og ber samvinnu stjórnvalda og atvinnugreinarinnar gott vitni. Skýrt skipulag verkefnisins og aðkoma fjölda þekkingaraðila að greiningu sjálfbærnisáa og gildissetningar þeirra hefur gert það að verkum að það skjal sem nú liggur fyrir getur myndað mikilvægan grunn fyrir stefnumótunarvinnu og forgangsröðun stjórnvalda varðandi framtíð og þróun ferðaþjónustu á Íslandi.

Það vekur undrun samtakanna að þátttöku SAF skuli hvergi getið í yfirferð um tilhögun og hlutverk vinnuhópa, sem sett er fram í inngangi og umfjöllun um aðferðafræði verkefnisins, þrátt fyrir að fulltrúar SAF hafi tekið fullan þátt í starfi þeirra.

Hér í framhaldinu verða nefnd tvö atriði sem SAF telja að leggja beri áherslu á.

### ***Utanumhald til framtíðar***


SAF leggja áherslu á að þrátt fyrir að Jafnvægisásinn fjalli um fjölmarga efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega þætti sem snerta verkefni nokkurs fjölda stofnana og annarra opinberra aðila á viðeigandi sviðum er Jafnvægisásinn unninn og ætlaður til nota við mat og greiningar á sviði ferðamála, eins og nafn hans ber með sér. Því telja SAF einstaklega mikilvægt að utanumhald verkefnisins og þróun verði vistað hjá Ferðamálastofu sem heyrir undir málefna svið ráðherra ferðamála. Ferðamálastofa er sú opinbera stofnun sem fer með stjórnsýslu ferðamála og henni ber í starfsemi sinni að fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi, að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags, ásamt því að vinna að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.

SAF telja augljóst að Jafnvægisás ferðamála falli undir málefnasvið ferðamála og engin haldbær rök mæli með því að verkefninu eða hagsmunum atvinnugreinarinnar eða samfélagsins verði betur komið fyrir annarsstaðar. Reynsla undangenginna áratuga gefur ótvírætt til kynna að vel skipulagður og sterkur vettvangur sem býr við heildstæða yfirsýn yfir stöðu og þróun atvinnugreina hefur jákvæð áhrif á bæði viðkomandi atvinnugrein og samfélagið í heild. SAF leyfa sér að fullyrða að slíkt fyrirkomulag styrki stjórnkerfið. Full ástæða er til að nýta þessa reynslu við þróun stjórnsýslu ferðamála m.a. með tilliti til markmiða sem sett voru fram í Vegvísi í ferðaþjónustu frá 2015 sem enn eiga fullt erindi.

### Nýting við undirbúning fjármálaáætlunar

SAF benda á að í Jafnvægisásnum eru settir fram mælanlegir kvarðar á fjórum sviðum sem öll tengjast verkefnum hins opinbera og hafa óhjákvæmilega áhrif á forgangsröðun fjármuna og framsetningu stefnumótunar, markmiða og aðgerða, í fjármálaáætlun.

**Mynd:** Fótspor ferðamannsins á innviði, samfélag, efnahag og umhverfi.



*Heimild: Jafnvægisás ferðamála, samantekt á niðurstöðum álagsmats - drög til kynningar, bls III.*

Eigi Jafnvægisásinn að verða það nýtilega tæki sem stjórnvöld og atvinnugreinin leggja í sameiningu upp með leggja SAF áherslu á að a.m.k. þrennt þarf til svo styrkja megi stoðir þróunar og nýtingar hans:

1. Ákveða þarf hvernig Jafnvægisásinn verði tengdur og nýttur við stefnumótunarvinnu í ferðamálum, m.a. með tilliti til skilgreiningar og forgangsröðunar verkefna.
2. Ákveða þarf að niðurstöður greininga Jafnvægisásins verði nýttar sem forsendur við stjórn efnahagsmála, m.a. til undirbúnings fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarpa.
3. Í ljósi 1. og 2. tölul. þarf umfang og skipulag gagnasöfnunar og mælinga að liggja fullfjármögnuð fyrir hið fyrsta því annars er hætt við að erfitt verði að halda Jafnvægisásnum lifandi og marktækum sem raunverulegu mæli- og greiningartæki.

Að mati SAF þurfa framangreind grunnskilyrði að liggja fyrir svo Jafnvægisás ferðþjónustunnar nýtist sem skyldi. Öðrum kosti er hætt við að ósamræmis taki að gæta í opinberri stefnumótun og ákvarðanatöku opinberra aðila og einkaaðila.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðþjónustunnar

A handwritten signature in black ink, reading "Jónas Þór Skutason". The signature is written in a cursive, flowing style.